Fullgild rafræn undirskrift
HÓLMFRÍÐUR ÞORSTEINSDÓTTIR
2026-10-28 16:54:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MARIANNE JENSDÓTTIR FJELD
2026-10-28 19:08:51 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

28.10.2026, Reykjavík
UOS-7880/MJF

Efni: Aðgerðir í aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2028–2033

Á fundi vatnasvæðisnefnda þann 7. október síðastliðinn var kynnt endurskoðun vatnaáætlunar ásamt álagsgreiningu vatnshlota. Álagsgreining er unnin í samræmi við II. Viðauka reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Álagsgreiningin leggur grunninn að aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2028–2033.

Samkvæmt 8. gr. laga um stjórn vatnamál taka sveitarfélög þátt í undirbúningi vatnaáætlunar og skulu, í samvinnu við heilbrigðisnefndir framfylgja kröfum aðgerða- og vöktunaráætlunar. Samkvæmt 21. gr. skal aðgerðaáætlun taka til þeirra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að ná umhverfismarkmiðum vatnshlota og markmiðum laga um stjórn vatnamála.

Til viðbótar skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda (skv. 28. gr. laganna), s.s. vegna skipulagsmála vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og tryggja skal að útgefin leyfi séu í samræmi við ákvæði laga um stjórn vatnamála og vatnaáætlun. Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots.

Álagsgreining hefur verið í vinnslu síðan 2025 og fundir haldnir með fulltrúum vatnasvæðisnefnda sem í eru fulltrúar frá sveitarfélögum og heilbrigðiseftirlitum. Í kjölfarið fór fram frekari úrvinnslu hjá Umhverfis- og orkustofnun í samstarfi við fagstofnanir.

Niðurstaðan er að samkvæmt álagsgreiningu er **vatnshlotið Tálkafjörður (101-1279-2-C) metinn í óvissu á að ná umhverfismarkmiðum um að minnsta kosti gott vistfræðilegt ástand.**

Tafla 1. Vatnshlot sem metin eru í óvissu eða í hættu skv. niðurstöðum álagsgreiningar innan sveitarfélagsins.

Vatnshlot	Tálknafjörður innri 101-1279-2-C
Niðurstaða álagsgreiningar í vatnaáætlun 2022-2027	Vatnshlotið er með breytta afmörkun, var hluti af stærra vatnshlot sem var álagsgreint *ekki í hættu* í vatnaáætlun 2022-2027
Niðurstaða álagsgreiningar fyrir vatnaáætlun 2028-2033	Í óvissu
Helsta álag og tilefni aðgerðar	Fráveita og fiskeldi. Óljóst um umfang álags og áhrif.
Umhverfismarkmið vatnshlots	Nýtt vatnshlot, var hluti af stærra vatnshlot (ný afmörkun í endurskoðaðri vatnaáætlun)[1]. Gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand.
Vistfræðilegt ástand skv. Vatnavefsjá	Nýtt vatnshlot, er ekki í vatnavefsjá. Verður sett í óflokkað vistfræðilegt ástand.

Álagsgreiningin kallar á skilgreindar séu aðgerðir vegna þessara vatnshlota. Þær geta falist í úrbótum til að draga úr álagi eða frekari rannsóknir og vöktun til að fá skýrari mynd af ástandi vatnshlotanna.

Umhverfis- og orkustofnun gerir tillögu um eftirfarandi aðgerðir í aðgerðaáætlun 2028–2033.

Tafla 1. Tillögur að aðgerðum í samræmi við niðurstöður álagsgreiningar

Vatnshlot	Tálknafjörður innri 101-1279-2-C
Aðgerð	Vöktun á gæðaþáttum til að meta vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins Úrbætur í fráveitumálum.
Afurð	Staðfesting á því að umhverfismarkmið vatnshlots næst í lok gildistíma vatnaáætlunar 2033. Úrbætur í fráveitumálum.
Ábyrgð	Vesturbyggð
Samstarf	Umhverfis- og orkustofnun
Tímarammi	Aðgerð þarf að vera lokið árið 2029
Kostnaðarmat	Kostnaðarmat liggur ekki fyrir. Óskað er eftir upplýsingum frá ábyrgðaraðila.

1 https://vedur.maps.arcgis.com/apps/instant/interactivelegend/index.html?appid=8885671357d8459386e8c98c2e15e4e0

Öll vatnshlot sem aðgerðirnar snúa að eiga að ná þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau fyrir lok gildistíma vatnaáætlunar árið 2033.

Drög að vatnaáætlun (aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun) 2028–2033 verða sett í opinbert samráð í lok desember næstkomandi.

Umhverfis- og orkustofnun óskar eftir athugasemdum vegna framangreindra tillagna fyrir 20. nóvember, svo hægt sé að taka mið af þeim við mótun aðgerðaáætlunar vatnaáætlunar 2028-2033.

Fyrir frekari upplýsingar er bent á að hafa samband við neðangreinda aðila.

Virðingarfyllst,

Hólmfríður Þorsteinsdóttir, teymisstjóri, teymi hafs og vatns
Marianne Jensdóttir Fjeld, verkefnastjóri, teymi hafs og vatns